

Stjórnarfundur í Geðhjálp 08.06.17

Mættir: Hrannar, Anna Gunnhildur, Einar, Ragnheiður, Védís, Sveinn Rúnar, Bergþór, Kári, Sylviane, Halldóra og Garðar Sölvi.

- 1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (RÖS).**
Fundagerð lesin upp og samþykkt.
- 2. Páll Kristinn Pálsson vegna erindis frá SÍBS og Samtökum sykursjúkra í tengslum við fræðslumynd um lífsstíl og sjúkdóma, sbr. viðhengi. (HJ).**
Páll Kristinn sagði frá hugmyndum um gerð kvikmyndarinnar og svaraði spurningum. Samþykkt að leggja allt að 1,5 mkr. í verkefnið.
Frankvæmdastjóri verður tengiliður við Pál Kristin og samstarfsaðila.
- 3. Fyrirlestur Sveins Rúnars á Evrópuþingi félagsráðgjafa, Akureyrarferð, reifun (SRH, HJ).**
Sveinn fjallað um fyrirlestur sinn um þvingun og ofbeldi í geðheilbrigðisþjónustu á þinginu. Hann mun hugsanlega þýða innleggið á íslensku og fá birt í blaði félagsráðgjafa. Hrannar sagði frá velheppnaðir kynningu og sýningu á kvikmyndinni *Cause of death unknown* á Akureyri.
- 4. Samþykktir Bataskóla Íslands, fulltrúi í gæðanefnd námsefnis (curriculum nefnd) (HJ).**
Samþykkt að bæta því við upptalningu í kafla um tilgang bataskólans að draga úr eigin fordómum. Védís og Ragnheiður ætla að taka að sér að vera fulltrúar notenda í gæðanefnd bataskólans. Ragnheiður setti fyrirvara um breytingar fyrir jól.
- 5. Tilnefning fulltrúa í ráðgjafahóp Stígamóta (HJ).**
Samþykkt að tilnefna Hrannar í ráðgjafahópinn.
- 6. Fulltrúar Geðhjálpar á aðalfundi Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) í október (HJ).**
Hrannar stakk uppá eftirfarandi fulltrúum:
Aðalmenn: Hrannar, Sveinn Rúnar, Þórður, Anna G. og Sylviane.
Varamenn: Bergþór, Védís og Halldóra.
Allir samþykkir.
- 7. Erindi frá Vinaskákkfélagi Vinjar (HJ, AGÓ)**
Samþykkt að styrkja Vinaskákkfélagið um 100.000 kr. til að standa straum að kostnaði við fjöltefli, festa kaup á skákbúnaði og kynna félagið.
Samþykkt var að efna til samstarfs á milli Geðhjálpar og skákkfélagsins um fjölteflið.
Hrannar, Halldóra og Garðar Sölvi sátu hjá við afgreiðslu erindisins vegna tengsla við skákkfélagið.
- 8. Fyrirframgreidd laun Ellenar Calomon (PI).**
Sylviane fór yfir afgreiðslu stjórnar ÖBÍ. Stjórnin sá ekki ástæðu til að álykta sérstaklega um málið.

9. ***Önnur mál, t.d. barnageðráðstefna, bréf frá Eymundi Eymundssyni, tilnefningar til hvatningarverðlauna ÖBÍ.***

- AGÓ sagði frá undirbúningsvinnu vegna barnageðráðstefnu í október.
- Samþykkt var að bíða með umræðu um umsókn um fjárstyrk frá Eymundi Eymundssyni vegna fræðslukvikmyndar.
- EB sagði frá nýrri skýrslu frá Mannréttindastofnun Sameinuð þjóðanna um geðheilbrigðisþjónustu. Hrannar stakk upp á því að hún yrði þýdd á íslensku.
- Stjórnarmenn voru hvattir til að tilnefna Víðsýn og Bataskólann til Hvatningarverðlauna ÖBÍ.
- Samþykkt að halda næsta stjórnarfund aðra vikuna í ágúst og stefnumótunarfund um miðjan september.

Fundinum lauk um kl. 19.07.